Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti'af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

*Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson*

## Faðir vor

## Einsöngur

*Líttu sérhvert sólarlag*

*Bragi Valdimar Skúlason*





## Moldun

*Almennur söngur*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson -*
*P.C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson -*
*P.C. Krossing 1820*

## Blessun

## Eftirspil

*Leiðin okkar allra*

*Þorsteinn Einarsson*

*Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*
*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*
*Kórsöngur: Kammerkór Akraneskirkju*
*Einsöngur: Eyþór Ingi Gunnlaugsson*
*Einsöngur: Guðlaug Gyða Hannesdóttir*
*Selló: Örnólfur Kristjánsson*
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Jaðsett verður í Kirkjugarði Akraness***

***Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***

# Sigurjón Hannesson

*Fæddur 18. ágúst 1938*
*Dáinn 21. ágúst 2022*



*Útför frá Akraneskirkju*
*föstudaginn 2. september 2022*

## *Forspil*

*Slá þú hjartans hörpustrengi*

*J.S. Bach*

## *Bæn*

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*





## *Ritningarorð*

## *Einsöngur*

*Má ég pússa regnbogann*

*Jeff Bates - Jónas Friðrik Guðnason*

## *Ritningarorð*

Þar sem englarnir syngja sefur þú.
Sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú.
Að ljósið bjarta skæra.
Veki þig með sól að morgni.
Veki þig með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól.
Lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn, frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta.
Vekja hann með sól að morgni.
Vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljós.
Lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós.
Tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni.
Þú vekur hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál.
Svala líknar- hönd.
Og slökk þú hjartans harma- bál.
Slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær.
Aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.

*Bubbi Morthens*



## *Guðspjall*

## *Einsöngur*

*Orðin mín*

*Bragi Valdimar Skúlason*

## *Minningarorð*

## *Selloleikur*

*Kveðjulag Frímúrara*

*Þórarinn Guðmundsson*

## *Bæn*

